

## **Frumkvæðissjóður DalaAuðs** **– verkefni sem fengu úthlutað styrk árið 2024**

*Er líða fer að jólum, 2023.*

**300.000 kr**

**Alexandra Rut Jónsdóttir**

Verkefnið snýst um það að töfra fram léttu, heimilislega og hátíðlega jólatónleika á aðventunni, þar sem fram kemur áhugafólk um tónlist frá Dalabyggð og víðar.

***Leifur árið 970***

**300.000 kr**

**Rain Adrainn Maison**

Leifur árið 970 er barnabók ætluð 4 til 10 ára börnum, sem fjallar um lífshætti barna á landnámsöld, með fjölskyldu Eiríks rauða á Eiríksstöðum sem kjarna. Söguviðið eru Eiríksstaðir. Bókin verður gefin út og seld sem minjagripur þar og jafnvel víðar.

***Hljómbrot***

**310.000 kr**

**Sönghópurinn Hljómbrot**

Sönghópurinn Hljómbrot er nýr blandaður kór í Dalabyggð sem var stofnaður í janúar 2023 og hefur haldið úti metnaðarfullu starfi síðan. Sönghópurinn fær styrk fyrir tónleikahaldi fyrir veturinn 2024-2025 en stefnt er að því að halda a.m.k. tvö tónleika á þessu tímabili.

### ***Vetrardagskrá Sögufélagsins***

**310.000 kr**

#### **Sögufélag Dalamanna**

Sótt er um styrk fyrir vetrardagskrá sögufélagsins og námskeiðshaldi. Félagið hefur m.a. staðið að bókakynningum, kvöldvökum og upplestri.

### ***Tindar og Ránargil – stikun og vegvísir***

**465.000 kr**

#### **Ingibjörg Jóhannsdóttir og Jóhanna Sigrún Árnadóttir**

Áhugamannahópurinn Dalamannabrölt var stofnaður árið 2021 og samanstendur af áhugasömum aðilum um ýmist brölt um Dalabyggð. Hópurinn, í samstarfi við Ferðamálafélag Dalasýslu og Reykhóla, stefnir á að fjölga þeim gönguleiðum sem eru stikaðar í Dalabyggð. Árið 2024 er stefnt að því að stika leiðina um Tinda og leiðina að Ránargili og gera aðkomu og upphaf leiðanna skýrari fyrir þeim sem ekki þekkja til þeirra. Markmiðið er að efla útivist og auka aðgengi að stikuðum gönguleiðum í Dölunum.

### ***Fjár sjóðir Fellsstrandar***

**600.000 kr**

#### **La Dolce Vita ehf**

Fjár sjóðir Fellsstrandar verður viðburðarröð sem haldin verður árið 2024. Á dagskrá er að halda a.m.k. fjóra ólíka viðburði sem draga eiga sérstöðu svæðisins fram og beina sjónum að fjár sjóðum Fellsstrandar.

### ***Listviðburðir í Dalíu***

**600.000 kr**

#### **Leifur Steinn Elísson**

Tilgangur verkefnisins er að auðga mannlíf í Dalabyggð og nágrenni. Í boði verða tónleikar ýmissa listamanna ásamt öðru skemmtanahaldi. Stefnt er að því að halda 4 viðburði á árinu.

### ***Hvað er að gerast undir yfirborðinu***

**630.000 kr**

#### **Hvammskel ehf**

Í Búðardal er rekið frystihús og fiskvinnsla. Þar er einnig unnið að uppbyggingu skelræktar. Tilgangur verkefnisins er að gera tilraun með að tæknivæða eftirlitshluta í skelræktinni með notkun, flugdróna og neðansjávardróna og með gps sendum sem festir verða á ræktunarlínurnar svo staðsetning línunnar og lega sjáist auðveldlega í tölvu. Markmiðið er að auka eftirlit og viðbragðstíma til að draga úr tjóni á línunum og minnka afföll á ræktuninni.

### ***Matur er manns megin***

**750.000 kr**

#### **Jón Egill Jóhannsson**

Verkefnið snýst um að gera þeim matvælum sem ræktuð eru í héraði hátt undir höfði með því að halda uppskeruhátíð haustið 2024, sem allir framleiðendur í Dalabyggð hafa kost á að taka þátt í. Stefnt verður að því að tengja saman menningu og mat svo allir fái notið. Þá yrði á sama tíma unnið að samstarfi við veitingastaði í byggðarlaginu um að setja upp matseðla þar sem hráefni úr Dölunum fær að njóta sín.

### ***Hátæknirækt***

**900.000 kr**

#### **Skoravík ehf**

Verkefnið snýst um að koma upp hátækniræktun í gámum staðsettum í þéttbýli Búðardals. Hugmyndin er sprottin af þeim tækifærum sem ný tækni með háráektun og LED ljósum getur skapað á svokölluðum köldum svæðum á Íslandi.

### ***Aðgengi skóga í Dalabyggð***

**1.000.000 kr**

#### **Skógræktarfélag Dalasýslu**

Markmið verkefnisins er að bæta aðgengi og ásýnd Brekkuskógs og byggja þar upp útivistarsvæði fyrir íbúa og gesti. Stefnt er að framkvæmdum í sumar, þar sem gerðir verða göngustígar og samkomurjóður í skóginum.

### ***Uppsetning á leikverki og námskeið í leiklist***

**1.000.000 kr**

#### **Leikklúbbur Laxdæla**

Leikklúbbur Laxdæla stefnir á að setja upp leikverk vorið 2025 til sýningar á jörfagleði. Þá er einnig ætlunin að vera með námskeið í leiklist og fá kennara til að kenna það haustið 2024.

### ***Fræhöll í Búðardal***

**1.000.000 kr**

#### **Dalirnir heilla ehf**

Verkefnið snýst um að koma á stórframleiðslu á lerkiafbrigðinu Hrym í Búðardal. En Hrymur er hraðvaxta og talið henta einkar vel til skógræktar á Vesturlandi. Markmið verkefnisins er að fylgja eftir undirbúningsvinnu, sem m.a. var styrkt af DalaAuði á síðastliðið ár. Veittur er styrkur til uppsetningar á rannsóknaraðstöðu.

### **Markaðssetning á Urði Ullarvinnslu**

**1.410.000 kr**

#### **Rauðbarði ehf**

Unnið er að stofnun ullarvinnslu í Dalabyggð sem hefur hlotið heitið Urður Ullarvinnsla og fékk verkefnið styrk í frumkvæðissjóði DalaAuðs árið 2023 til búnaðarkaupa. Tilgangur þessa verkefnis er að búa til markaðsefni fyrir ullarbandið, sem unnið verður úr ull sem er ræktuð, unnin og seld í Dalabyggð.

### **Fagradals - afurðir**

**1.800.000 kr**

#### **Halla Sigríður Hrefnu Steinólfsdóttir**

Á bænum Ytri-Fagradal á Skarðsströnd eru 29 mjólkandi geitur og er stefnt að því að koma tveimur afurðum á markað úr geitamjólk – ostum og skyri. Ekki eru unnar geitaafurðir í Dalabyggð og því um nýja framleiðslu að ræða.

### **Dagverðarneskirkja – áfangastaður utan alfararleiðar.**

**2.200.000 kr, fyrir hönnunarkostnaði**

#### **Bára Sigurðardóttir.**

Dagverðarnes dregur nafn sitt af þeirri sögusögn að Auður djúpúðga á að hafa áð þar og snætt dögurð er hún leitaði að öndvegissúlum sínum. Kirkjan liggur utan alfaraleiðar í fögru umhverfi Breiðafjarðar. Verkefnið snýst um að endurbyggja kirkjuna sjálfa og laga alla aðkomu að henni. Með endurbótum og betra aðgengi væri hægt að nýta kirkjuna og hennar nærumhverfi og varðveita og miðla þeim mikilvægu menningarminjum sem í þeim felst.

### ***Dalahvítlaukur***

**2.300.000 kr**

#### **Svarthamar Vestur ehf**

Verkefnið snýst um að koma á fót hvítlauksræktun í Dölunum. Með henni er leitast við að skapa góð vaxtaskilyrði, án þess að plægja jarðveginn eða nota tilbúinn áburð og verður ræktunin lífrænt vottuð.

### ***Jólasveinarnir eru úr Dölunum***

**2.500.000**

#### **Kruss ehf**

Verkefnið snýst um að gera jólasveinunum og tengingu þeirra við Dalina hátt undir höfði. Jólasveinavísur Jóhannesar úr Kötlum verða í forgrunni, ásamt jólasveinunum þrettán sem fram koma í vísunum. Verkefnið hefur fengið styrk fyrir gerð viðskiptaáætlunar, ásamt því að fá hönnunarstyrk en nú er veittur styrkur til framkvæmda fyrir verkefnið og er stefnt að því að framleiða og setja upp þrjá stuðla af þrettán. Stuðlarnir verða skilti þar sem sögu nærumhverfis og jólasveinanna eru gefin skil.